



159. fundur

Aukafundur í sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 4. desember kl. 13:00

Fundinn sátu:

Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson, Ragnar Bjarnason og Baldvin Kr. Baldvinsson. Arnór Benónýsson, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson sátu ekki fundinn sökum vanhæfis.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Framtíðarskipulag Þingeyjarskóla

Áður en gengið var til dagskrár lýsti Árni Pétur Hilmarsson sig vanhæfan í málinu þar sem hann er aðstoðarskólastjóri Þingeyjarskóla. Hlynur Snæbjörnsson lýsti sig hugsanlega vanhæfan í málinu þar sem deildarstjóri Krílabæjar er mágkona hans. Arnór Benónýsson lýsti sig vanhæfan í málinu þar sem aðstoðarskólastjóra Þingeyjarskóla er mágkona hans. Kosið var um hæfi.

Vanhæfi Hlyns samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa T lista.

Vanhæfi Arnórs samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa T lista.

Vanhæfi Árna Péturs samþykkt samhljóða.

Varamenn tóku sæti, Eiður Jónsson og Nanna Þórhallsdóttir fyrir A lista og Baldvin Kr. Baldvinsson fyrir T lista. Aðalmenn sem töldust vanhæfir yfirgáfu fundinn.

Varaoddviti tók við fundarstjórn.

1. Framtíðarskipulag Þingeyjarskóla

Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögu frá fulltrúum A lista um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla:

„Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir að grunnskólastig Þingeyjarskóla verði sameinað á eina starfsstöð frá og með 1. ágúst 2015. Sú starfsstöð verði í húsnæði Hafralækjarskóla. Starfsemi tónlistardeilda fylgi grunnskólastiginu. Leikskólinn Krílabær verður við þessa breytingu sjálfstæð stofnun.“

Þá lagði varaoddviti fram tillögu að eftirfarandi málsmeðferð:

„Sveitarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til Fræðslunefndar og skólaráðs Þingeyjarskóla til umsagnar og óskar þess að umsögnin berist eigi síðar en 15. desember.“

Tillagan rædd.

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Við fulltrúar T lista lýsum yfir furðu á því að jafn viðamikilli tillögu sem hefur mikil áhrif í sveitarfélaginu skuli ekki fylgja greinargerð þar sem skýrt er með rökum á hverju tillagan byggist. Þetta er að okkar mati óásættanleg stjórnarsýsla sem hér er viðhöfð af hálfu meirihluta sveitarstjórnar.“

Þá lagði T listi fram eftirfarandi breytingartillögu:

„Lagt er til að framkominni tillögu verði vísað til Fræðslunefndar þar sem Fræðslunefnd fari yfir kosti og galla beggja staðsetningarkosta og í framhaldinu leggi fram skriflegt rökstutt mat á þessum kostum báðum þar sem allir þættir eru skoðaðir og greindir.“

Varaoddviti bar upp breytingartillögu T lista til atkvæðagreiðslu.

Breytingartillagan felld með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa T lista.

Varaoddviti bar upp fyrri tillögu um málsmeðferð til atkvæðagreiðslu.

Fyrri tillaga um málsmeðferð samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista. Fulltrúar T lista sátu hjá.

T listi lagði fram eftirfarandi bókun:

„Við höfum áhyggjur af að umfjöllun og vinna Fræðslunefndar varðandi framkomna tillögu verði ómarkviss þegar henni er vísað jafnt óljóst áfram og raun ber vitni. Að þessu sögðu er rétt að hafa í huga að Fræðslunefnd kemur heldur ekki til með að hafa greinargerð með tillögunni í sinni umfjöllunarvinnu samkvæmt svörum meirihlutans í umræðum.“

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:20

Nanna Þórhallsdóttir

Margrét Bjarnadóttir

Eiður Jónsson

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Heiða Guðmundsdóttir

Baldvin Kr. Baldvinsson

Ragnar Bjarnason